



Aðalfundur 2021

Áætlað er að halda aðalfund félagsins 25. mars, kl. 14:30. Félagsmenn eru hvattir til að taka frá þennan tíma til að mæta á aðalfund félagsins. Félagið gerir ráð fyrir að aðalfundurinn verði í fjarfundi.

Framboðsfrestur til embætta og trúnaðarstarfa

Þeir félagsmenn sem vilja gefa kost á sér til embættis eða trúnaðarstarfa sem kosið verður í á aðalfundi Félags íslenskra náttúrufræðinga í mars næstkomandi skulu tilkynna stjórn FÍN um framboð sitt fyrir **1. febrúar nk.**

Frestur til að skila inn lagabreytingatillögum

Tillögur félagsmanna um breytingar á lögum félagsins skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir **1. febrúar nk.**

Umsóknafrestur um styrk úr Vísindasjóði FÍN

Minnt er á að síðasti skilafrestur umsókna um styrk úr Vísindasjóði FÍN er 31. janúar nk. vegna tímabilsins 1. nóvember 2019 til 31. október 2020. Hægt er að sækja um styrk vegna fyrra árs hafi ekki verið sótt um hann.

Skrifstofa FÍN er að
Borgartúni 6, 3. hæð
105 Reykjavík

Opið:

Mánudaga og miðvikudaga

Frá kl. 13:00—14:00

Þriðjudaga og fimmtudaga

Frá kl. 11:00—12:00

Sími: 595-5175

Netfang: fin@bhm.is

Veffang: www.fin.is

Starfsmenn á skrifstofu:

Marianna H. Helgadóttir
Formaður og framkv.stjóri

Runólfur Vigfússon
Lögfræðingur

Orri Þrastarson
Sérfræðingur

Útgefandi: FÍN

Ábyrgðamaður:

Marianna H. Helgadóttir

Upplag:

Netútgáfa

Framboð í embætti og trúnaðarstöður

Allir félagsmenn sem ætla að bjóða sig fram til embætta eða trúnaðarstarfa á aðalfundi FÍN þurfa að tilkynna um framboð sitt til stjórnar FÍN samkvæmt lögum félagsins eigi síðar en 1. febrúar nk.

Vinsamlegast sendið tilkynningu um framboð með því að fylla út eftirfarandi [eyðublað](#).

Hægt er að bjóða sig fram í eftirtalin embætti/trúnaðarstöður hjá félaginu:

Stjórn:

Varaformaður FÍN

Stjórnarmenn FÍN (8)

Stjórn Kjaradeilusjóðs:

Aðalmenn (2)

Siðanefnd:

Aðalmenn (2)

Varamaður

Ekki er hægt að bjóða sig fram á sjálfum aðalfundinum, en kosið er á milli framboðanda á aðalfundinum.

Lagabreytingatillögur

Tillögur félagsmanna um breytingar á lögum félagsins skulu hafa borist stjórn fyrir 1. febrúar nk.

Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér [lög](#) félagsins, reglur [kjaradeilusjóðs](#) og [starfsreglur](#) siðanefndar FÍN.

Vinsamlegast sendið inn lagabreytingartillögur til stjórnar FÍN með því að senda tölvupóst á netfangið fin@bhm.is

Vinnustaðafundir

Formaður félagsins og starfsmenn hafa á haustmánuðum hitt félagsmenn FÍN á mörgum vinnustöðum í gegnum fjarfundi. Á fundunum er farið yfir mörg fróðleg mál og er hver fundur sérstaklega sniðinn að hverjum vinnustað.

Mál sem fjallað er um er t.d. kjarasamningar, stofnanasamningar, stytting vinnuvikunnar, hlutverk trúnaðarmanna, sveigjanlegan vinnutíma og margt fleira.

Ef félagsmenn óska eftir vinnustaðafundi er þeim bent á að hafa samband við skrifstofu FÍN með því að senda tölvupóst á fin@bhm.is.

Þankar formanns!

Gleðilegt árið kæru félagsmenn!

Árið 2019 hefur verið fordæmalaust ár og verður lengi í minnum haft sem COVID-19 árið. COVID-19 hefur neytt okkur til breyttrar hegðunar og fjarfundir hafa verið haldnir sem aldrei fyrr. Að mínu mati er þetta fundarform komið til að vera og þegar sigur hefur verið unnin á COVID-19 þá munu ekki allir fjarfundir leggjast af. Það er mikilvægt að við nýtum þessa frábæru tækninýjung. Einnig tel ég að á næstu árum muni störfum án staðsetningar fjölga. Því er mikilvægt að stéttarfélagin hugi að umgjörð um slík störf og freisti þess í næstu kjaraviðræðum að semja útfærslu á störfum án staðsetningar. Sú útfærsla að umgjörð ef um hana semst, ætti að einhverju leiti að geta náð til starfsmanna sem eru með skilgreinda starfsstöð en sinna vinnu sinni að einhverjum hluta frá heimili sínu þ.e. utan sinnar starfsstöðvar.

Nú liggur fyrir að stytting vinnuvikunnar fyrir opinbera starfsmenn á að hafa komið til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2021. Lágmarksstytting eru 13 mín. á dag, en starfsmenn eiga að geta útfært styttinguna með mismunandi hætti og einnig kosið um fyrirkomulag styttingarinnar. Sumir vinnustaðir hafa farið í hámarksstyttingu og stytt vinnuvikuna niður í 36 klst. og þar með selt kaffitímana, en starfsmenn geta eftir sem áður nærst á vinnustað. Mikilvægt er að mínu mati að allir vinnustaðir skoði það með opnum huga að fara í fulla styttingu, í því felast gæði styttingar vinnuvikunnar. Ef ekki hefur náðst að ganga frá styttingu vinnuvikunnar innan þíns vinnustaðar eða samkomulag hefur ekki náðst, þá á að hafa verið send tilkynning um árangurslaust samtal. Innleiðingarhópar sem verða starfræktir út samningstímabilið eru þessa daganna að kortleggja hvaða stofnanir og sveitarfélög þetta eru sem hafa ekki skilað inn tilkynningu um útfærslu á styttingu vinnuvikunnar eða hafa sent tilkynningu um árangurslaust samtal. Innleiðingarhóparnir munu leiðbeina viðkomandi stofnunum og sveitarfélögum.

Næstu mánuði þarf að klára að innleiða styttingu vinnuvikunnar fyrir opinbera starfsmenn í vaktavinnu, en þessi gríðarlega umfangsmikla breyting á að taka gildi 1. maí 2021. Innleiðingarhópar og stýrihópar funda stíft þessa dagana og reglulegir fundir eru haldnir með fulltrúum vinnuveitanda annars vegar og hins vega fulltrúum stéttarféлага. Ég hvet alla sem eru í vaktavinnu að kynna sér allt kynningarefni á vefsíðunni www.betrivinnutimi.is. Ferlið hefur hingað til gengið mjög vel og allir eru með það á sinni stefnuskrá að ljúka þessu ferli með snurðulausri innleiðingu.

Stytting vinnuvikunnar mun einnig ná til félagsmanna okkar á almennum markaði. Þeir félagsmenn sem starfa skv. samningi okkar við Samtök atvinnulífsins um styttingu vinnuvikunnar munu eiga rétt á henni eigi síðar en 1. mars nk. ef ekki hefur nú þegar verið samið um hana. Mikilvægt er að félagsmenn okkar á almennum markaði sem ekki hafa fengið styttingu vinnuvikunnar ræði við sinn vinnuveitanda um útfærslu styttingu vinnuvikunnar.

Það eru ýmis atriði sem enn eru óljós og unnið er að lausn þeirra innan okkar vébanda hjá BHM og á vettvangi innleiðingarhópanna. Það sem efst er á baugi í dag er hvernig eigi að fara með orlofsdaganna eða orlofsstundirnar við styttingu vinnuvikunnar. Aðildarfélög BHM eru að ráða ráðum sínum þessa dagana um þetta atriði og vonandi næst niðurstaða sem fyrst. Þegar afstaða félagsins liggur fyrir um þetta mun félagið upplýsa félagsmenn.

Að lokum vil ég upplýsa félagsmenn um að ég hef ákveðið að bjóða mig fram sem formaður BHM, gegn sitjandi formanni BHM, Þórunni Sveinbjarnardóttur. Ég hef starfað hjá félaginu frá árinu 2006 eða í 14 ár. Ég hef starfsreynslu sem framkvæmdastjóri hjá félaginu í um 12 ár og formaður hjá félaginu frá árinu 2016 eða í um 5 ár. Komi til þess að ég verði kosin formaður BHM mun ég þurfa að segja af mér formennsku í félaginu og varaformaður mun taka við stjórnartaumunum í félaginu.

Með bestu kveðjum
Marianna H. Helgadóttir, formaður

Vísindasjóður

Almennur umsóknarfrestur um styrk úr Vísindasjóði FÍN er frá **1. desember 2020 til 31. janúar 2021**. Umsóknir sem berast frá og með 15. desember 2020 til 31. janúar 2021 verða greiddir í byrjun febrúar 2021. Allir styrkir verða afgreiddir eigi síðar en 4. febrúar 2021, svo fremi að allar upplýsingar liggi fyrir.

Styrkurinn fyrir árið 2020 verður 145.000 kr. miðað við 100% starfshlutfall á tímabilinu 1. nóvember 2019 til 31. október 2020 og verður styrkurinn lagður inn á reikning umsækjanda. Sækja skal um styrkinn rafrænt á heimasíðu FÍN - [Mínar síður](#). Engin gögn þurfa að fylgja umsókn og hægt er að fylgjast með vinnslu umsóknar á mínum síðum. Nánari upplýsingar um Vísindasjóð FÍN eru á vefsvæði [FÍN](#).

Í kjarasamningi Reykjavíkurborgar og FÍN sem undirritaður var þann 21. desember 2015 var iðgjald í Vísindasjóð FÍN vegna félagsmanna FÍN sem starfa hjá borginni hækkað úr 1,5% í 1,6%. Vísindasjóðsstyrkur til félagsmanna sem starfa hjá Reykjavíkurborg verður því 155.000 kr. fyrir árið 2020, í samræmi við hækkun iðgjalda frá vinnuveitanda.

Rétt til úthlutunar úr sjóðnum hafa sjóðsfélagar sem greitt er af í sjóðinn. Greitt er í sjóðinn fyrir þá aðila sem þiggja laun samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ríkisstarfsmenn eiga ekki rétt á styrk úr sjóðnum. Á almennum markaði geta launþegar samið um það í ráðningarsamningi að greitt sé í Vísindasjóð FÍN.

Ef þú veist ekki hvort þú eigir rétt á styrk úr Vísindasjóði FÍN er best að fara inn á mínar síður og kanna það. Sjáir þú þar hnapp sem heitir Vísindasjóður þá áttu mögulega rétt úr sjóðnum. Ef enginn hnappur er sýnilegur þá áttu ekki rétt á greiðslum úr Vísindasjóði.

Ef upp koma vandamál þegar sótt er um styrkinn þá vinsamlegast hafið samband við skrifstofuna í síma 595-5175 eða sendið tölvupóst á netfangið fin@bhm.is.

Opnunartími skrifstofunnar

Vegna Covid-19 hefur skrifstofa FÍN verið lokað fyrir heimsóknir og öllum erindum félagsins verið sinnt með fjarfundum. Skrifstofa félagsins er opin mánudaga og miðvikudaga frá 13:00 - 14:00, þriðjudaga og fimmtudaga frá 11:00 - 12:00, lokað er á föstudögum.

Við biðjum félagsmenn að hafa samband við okkur símleiðis á þessum tíma. Geti félagsmenn ekki hringt á þessum tíma þá biðjum við ykkur um að senda okkur tölvupóst á fin@bhm.is og óska eftir því að við höfum samband á öðrum tíma og þá verðum við við þeirri beiðni.

Skrifað undir samkomulag við Samtök Atvinnulífsins

Núna í byrjun janúar urðu þau tímamót að skrifað var undir [samkomulag](#) sem felur í sér breytingar á kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins (SA) og nokkurra aðildarféлага BHM. Með breytingunni eru vinnutímaákvæði kjarasamningsins aðlöguð að vinnutímaákvæðum kjarasamninga skrifstofufólks á almennum vinnumarkaði en í framkvæmd hefur dagvinnutími víða verið samræmdur milli þeirra starfsmanna sem starfa eftir kjarasamningi þessum og þeirra sem starfa eftir kjarasamningum skrifstofufólks.

Vinnutímastytting kemur einungis til framkvæmda þar sem virkur vinnutími (sá tími sem starfsmaður er við störf) er lengri en 35.5 stundir að jafnaði á viku. Neysluhlé og önnur hlé frá vinnu vegna ýmiss konar persónulegra erinda teljast ekki til virks vinnutíma í þessu sambandi. Vinnutímastyttingin á að koma til framkvæmda, þar sem við á, eigi síðar en 1. mars nk. Margir stjórnendur og sérfræðingar hafa alla jafna svigrúm til að skipuleggja vinnutíma sinn og eru fyrst og fremst ráðnir til að sinna tilteknum verkefnum og fá fyrir það föst mánaðarlaun. Yfirvinna er oft innifalin í mánaðarlaunum og/eða vinnutími sveigjanlegur. Rétt er að samtal eigi sér stað þar sem svo háttar til um bætta nýtingu vinnutíma gegn styttri viðveru svo samræma megi betur atvinnu- og fjölskyldulíf

Eftirtalin sátu í viðræðunefnd félaganna:

Marianna H. Helgadóttir, formaður
Guðfinnur Þór Newman, varaformaður
Júlíana Guðmundsdóttir, lögfræðingur

Með nefndinni starfaði hagfræðingur BHM, Vilhjálmur Hilmarsson.

Viðræðunefndin mun ræða ýmis atriði við SA og ganga í lokin frá heildstæðum kjarasamningi í lok viðræðna.

Orlofssjóður BHM og aðrir sjóðir BHM

Stjórn Orlofssjóðs BHM hefur ákveðið að ráðstafa auknu fé í niðurgreiðslur á hótulgistingu, flugfargjöldum, veiðikortum, útilegukortum og ýmsum gjafabréfum fyrir sjóðfélaga frá því sem verið hefur. Á móti verður dregið úr framboði orlofshúsa og íbúða á sumrin. Við hvetjum félagsmenn okkar til að kynna sér hvernig niðurgreiðslum á ferðaávisunum, gjafabréfum og kortum verður háttað á [vef Orlofssjóðs BHM](#).

Einnig hvetur félagið félagsmenn til að kynna sér reglur [Styrktarsjóðs BHM](#) og [Sjúkrasjóðs BHM](#) og sjóða BHM, eins og [Starfsmenntasjóð BHM](#) og [Starfsþróunarsetur háskólamanna](#). Sótt er um styrki í gegnum [mínar síður](#).

Fræðsluvefur BHM

Á vef BHM hefur verið útbúið lokað svæði undir heitinu [fræðsluvefur BHM](#) og þar geta félagsmenn aðildarféлага BHM geta sótt sér námskeið sem eru í formi myndbanda. Helstu námskeið sem eru í boði í dag eru: Stytting vinnuvikunnar, rekstur smáfyrirtækja og næstu skref eftir atvinnumissi, ásamt fræðslufni fyrir trúnaðarmenn. Við hvetjum félagsmenn okkar til að skrá sig inn og kynna sér það sem er í boði.